



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

✉ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 28. júní 2007
Tilvísun: UST20070500196/sf

Breytingar á hafnarsvæði á Kársnesi í Kópavogsbæ. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 24. maí sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdalýsing

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að Kópavogshöfn samanstendur af smábátahöfn með flotbryggjum og steyptri viðlegubryggju og að auki stórskipabryggju á Norðurgarði. Stórskipabryggjan er 115 metra löng stálþilsbryggja með 8,0 metra dýpi. Auk þess er vestulkantur sem er um 40 metra langur hannaður fyrir 10,0 metra dýpi. Þar geta skip sem eru allt að 100 m að lengd og allt að 3.000 t að stærð lagst að.

Kópavogsbær fyrirhugar nú að útvíkka hafnarsvæðið vestanverðu Kársnesi á næstu árum með uppfyllingu lands og með nýjum viðlegukanti fyrir stærri skip, þannig að þau geti lagt að nýjum hafnarbakka vestast á svæðinu. Við framkvæmdirnar verður núverandi hafnarsvæði stækkað um 4,8 hektara. Vestulkantur verður lengdur um allt að 3000 metra, en með því skapast bakki fyrir stór gámaskip allt að 140 metra og allt að 4.000 t að stærð. Við gerð viðlegukantsins þarf að dýpka hafnarstæðið um allt að 10 metra. Magn efnis sem fjarlægja þarf er áætlað um 8.000 m³.

Efnistaka

Áætlað efnismagn vegna framkvæmdanna er um 65.000 m³ af sjávarmöl (sjódælt efni) og um 9.000 m³ af bögglabergi sem fengið verður úr viðurkenndum efnistökustað, t.d. úr námu í Vatnsskarði. Ekki kemur fram í gögnum framkvæmdaraðila hvaðan sjódælt efni verður fengið. Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir því hvar efni verður dælt upp af hafssbotni svo hægt verði að meta að fullu hver verði hugsanleg umhverfisáhrif fyrirhugaðrar efnistöku. Jafnframt telur stofnunin að gera eigi grein fyrir þeim viðurkenndu efnistökum sem um ræðir. Þá minnir stofnunin á VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er varða efnistöku.

Landfylling

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að lagt er til að núverandi hafnarsvæði verði stækkað um 4,8 hektara. Hafnarsvæðið næði þannig tölvert lengra í vestur en það nær í dag. Einnig kemur fram að stækken hafnarsvæðis hefur staðið yfir undanfarin ár í samræmi við núgildandi deiliskipulag þar sem efni sem til hefur fallið við nýbyggingar í Kópavogi hefur verið keyrt þangað. Ekki kemur fram í tilkynningunni hver er heildarstærð þeirra landfyllinga sem þegar hefur verið ráðist í og þeirra sem fyrirhugaðar eru. Samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein hvert sé flatarmál þeirra landfyllinga sem þegar hefur verið ráðist og hver verði heildarstærð landfyllinga með þeirri landfyllingu sem nú er fyrirhuguð.

Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina er gert ráð fyrir að landfyllingar í hafnagerð verði keyrðar út jafnóðum. Landfyllingarnar eru unnar með því að uppúrtekt úr húsgrunnum og gatnagerð er ýtt fram jafnóðum og það berst. Um áhrif þess segir m.a. að þar sem um takmarkað magn sé að ræða á hverjum tíma og efnið berist hægt nái botninn að jafna sig á milli þess sem fyllt er upp með uppúrtekt.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnim og hlutum sé varpað í hafið:

- dýpkunarefnum,
- náttúrulegum, óvirkum efnim, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafraðilega og samsett eru úr efnim sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Opin landfylling, þ.e. nýmyndun lands, sem yfirleitt er varin að hluta með varnargörðum og efni liggur á hafsbottini að nokkru leyi óvarið fyrir straumum og lífríki, telst vera varp í hafið í skilningi laganna, sbr. leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis. Gerð landfyllinga eins og þeim er lýst í tilkynningu framkvæmdaraðila telst því varp í hafið og er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Dýpkunarefni

Í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a. að dýpkunarefni sé að mestu burðarhæfur sandur og möl sem komið yrði fyrir innan fyrirhugaðs stálþilsbakka. Þar kemur einnig fram að það sé mat Siglingastofnunar að ekki sé þörf á því að meta efnainnihald dýpkunarefnis þar sem það sé nær eingöngu aðkomufylling.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að það er hlutverk stofnunarinnar en ekki framkvæmdaraðila eða Siglingastofnunar að meta hvort þörf er á að meta efnainnihald dýpkunarefnis eða ekki. Eins og bent er á hér að framan er varp efna og hluta í hafið óheimilt samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, en Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt leyfi til að dýpkunarefnum sé varpað í hafið. Þær upplýsingar sem framkvæmdaraðila ber ætið að skila til

Umhverfisstofnunar vegna dýpkunarframkvæmda áður en framkvæmdir hefjast eru: Staðsetning dýpkunar, tilgangur dýpkunar, áætluð tímasetning dýpkunar, dýpi á dýpkunarstað, eðli dýpkunarefnis (ef set þá upplýsingar um kornastærð), áætlað magn dýpkunarefnis og meðferð dýpkunarefnis. Þessar upplýsingar þurfa því að berast til stofnunarinnar áður en hún tekur afstöðu til þess hvort veita beri leyfi til varps dýpkunarefna í hafið vegna framkvæmdarinnar.

Verndarsvæði

Fyrirhugaðar skipulagsbreytingar eru innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá, þ.e. svæðis nr. 117, *Bessastaðanes, Gálghraun og fjörur frá Bala að Kársnesi*. Í skránni er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt:

Bessastaðanes, Gálghraun og fjörur frá Bala að Kársnesi, Hafnarfirði, Garðabær, Kópavogi og Bessastaðahreppi, Gullbringusýslu. (1) *Fjaran frá Bala í Hafnarfirði að Kársnesi í Kópavogi.*

Bessastaðanes allt og Lambhúsatjörn, Bessastaðatjörn, Skógtjörn og Kasthúsatjörn. Gálghraun sem afmarkast af Álfstanesvegi að sunnan, en hraunjöðrum að austan og vestan. (2) *Fjölbreyttar tjarnir, fjörur og grunnsævi með auðugu lífriki.* Gálghraun er tilkomumikið nútímahraun með lífauðugum sjávarfitjum. Hraunið er nyrsta tunga af rúmlega 10 km löngu hrauni sem komið er úr Búrfelli. Kjörið útvistarsvæði.

Eins og fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila er svæðið jafnframt á skrá alþjóða fuglaverndarsamtakanna (Bird Life International) yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (Important Bird Areas).

Svæðið Álfstanes – Skerjafjörður er jafnframt eitt þeirra 14 svæða sem vinna skal að því að friðlysa samkvæmt náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem samþykkt var á 130. löggjafarþingi. Hluti svæðisins hefur verið á náttúruminjaskrá sem tvö aðskilin svæði (117 og 122), sérstaklega vegna mikilvægis grunnsvæðis, fjörunnar og tjarna fyrir fugla. Talin er ástæða til þess að friða svæðið sem búsvæði með sérstakri áherslu á farfugla og vaðfugla.

Samkvæmt framansögðu geta fyrirhugaðar framkvæmdir á hafnarsvæði Kópavogsþær haft áhrif á svæði sem hefur mikið verndargildi, einkum vegna fuglalifs.

Náttúrufar

Í tilkynningu um framkvæmdina er vísað til lífríkisrannsókna sem gerðar voru í Skerjafirði á áttunda áratugnum. Samkvæmt þeim er botngerð Fossvogs að mestu leðjubotn með tiltölulega háu hlutfalli lífræns kolefnis ef miðað er við Skerjafjörð í heild sinni. Út frá Kársnesi vestanverðu gengur tunga með hörðum botni og botndýrasamfélögum dæmigerðum fyrir þess háttar botngerð. Í tilkynningunni er einnig vísað til þess að fyrirhuguð landfylling vegna hafnargerðar á Kársnesi muni ekki raska náttúrulegum fjörum þar sem strandlengjunni á framkvæmdasvæðinu hafi þegar verið raskað í gegnum árin með uppfyllingum.

Umhverfisstofnun telur að æskilegt hefði verið að gera grein fyrir hvort einhverjar breytingar hafa orðið á lífriki eða aðstæðum á svæðinu síðan framangreindar rannsóknir voru gerðar. Þrátt fyrir að unnið hafi verið að gerð landfyllinga við Kársnes verður einnig að líta til þess að lífverur get náð aftur fótfestu við ströndina eftir að gerð landfyllinga lýkur.

Í tilkynningunni segir m.a. um fuglalif:

„Engar markvissar fuglatalningar eða rannsóknir á fuglum hafa verið gerðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Út frá framangreindri skýrslu má ötla að fuglalífi Fossvogi beinist aðallega að fæðusvæðum í leirum fyrir botni vogsns, fjörum og sjávarfleti.“

Umhverfisstofnun vekur athygli á að framangreint er ekki alls kostar rétt.

Framkvæmdasvæðið er innan svæðis þar sem árlegar vetrarfuglatalningar hafa farið fram undanfarna áratugi undir umsjón Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í niðurstöðukafla í tilkynningu framkvæmdaraðila segir m.a.: „*Pær náttúrufarsrannsóknir sem gerðar hafa verið á framkvæmdasvæðinu einu og sér eru takmarkaðar. Niðurstöður þeirra náttúrufarsrannsókna sem gerðar hafa verið á svæðinu eða í nágrenni þess, benda til þess að áhrif landfyllingar á lífriki svæðisins komi ekki til með að verða umtalsverð.*“

Umhverfisstofnun telur að ekki sé hægt að fullyrða að áhrif framkvæmda á lífríki svæðisins verði ekki umtalsverð út frá þeim gögnum sem fylgja tilkynningu framkvæmdaraðila. Auk þess að fjalla um bein áhrif framkvæmda á fuglalíf þarf að gera grein fyrir þeirri truflun sem umferð um svæðið getur haft á fuglalífi. Þá þyrfti að gera grein fyrir sammögnunaráhrifum fyrirhugaðra framkvæmda og þeirra framkvæmda sem þegar hafa verið leyfðar innan þess svæðis sem er á náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Sjávarstraumar

Í tilkynningu kemur fram að samkvæmt Verkfræðistofnunni Vatnaskilum muni fyrirhugaðar framkvæmdir hafa lítil sem engin áhrif á sjávarstrauma og engin áhrif á sjávarföll í vogunum sem ganga inn úr Skerjafirði. Hins vegar fylgja engin gögn með tilkynningunni sem sýna þá útreikninga sem gerðir hafa verið og ekki er vísað til heimildar hvað þetta atriði varðar. Umhverfisstofnun telur að gera verði nánari grein fyrir þeim athugunum sem gerðar hafa verið varðandi hugsanleg áhrif framkvæmda á sjávarstrauma.

Hljóðvist

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur m.a. fram að umferðaraukning vegna framkvæmda á hafnarsvæði er ekki þess eðlis ein og sér að kalla á aðgerðir er varða hljóðvist í íbúðarhúsum er snúa að þeim götum þar sem umferð mun aukast ef miðað er við núverandi ástand. Við útreikning á fjölda ferða er miðað við að efnispörf vegna framkvæmdanna af utanaðkomandi efni sé 9.000 m^3 og að hver vörubíll taki 10 m^3 af efni. Því verði um 900 ferðir að ræða. Ef gert er ráð fyrir að þessir flutningar dreifist yfir 12 mánaða framkvæmdatíma verða ferðirnar um 4 á dag miðað við 20 daga vinnutíma á mánuði.

Umhverfisstofnun athygli á að efnisflutningar úr námum í nágrenni Reykjavíkur fara að stærstum hluta fram með dráttarbílum og malarflutningarárvögnum og munu þessir bílar bera $14-16 \text{ m}^3$ í hverri ferð. Þetta er um 50 % meira efni en flutt verður í hverri ferð samkvæmt framangreindum útreikningum en þar er miðað við að fluttir verði 10 m^3 í hverri ferð. Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum um hvort efnisflutningar úr námum með stærri bílum en ráð er fyrir gert samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila hafi áhrif á útreiknað hljóðstig, þar sem stærð bíla (fjöldi öxla) og fjöldi (hlutfall af umferð) eru meðal þeirra þátta sem notaðir eru þegar hljóðstig er metið. Þá telur stofnunin að meðaltalsfjöldi bíla yfir ákveðið tímabil gefi ekki réttar upplýsingar um hugsanlegan fjölda ferða á degi hverjum. Í stað þess eigi að gera grein fyrir hver gæti orðið daglegur hámarksfjöldi ferða miðað við það hvernig almennt er staðið að sambærilegum framkvæmdum og þeim sem fyrirhugaðar eru á hafnarsvæðinu.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt hljóðstigsútreikningum sem unnir hafa verið í tengslum við breytingar sem fyrirhugaðar eru, er hljóðstig nú þegar yfir viðmiðunargildi í nokkrum húsum meðfram helstu umferðaræðum á Kársnesi. Þeim húsum muni fjölga með aukinni umferð samfara uppbyggingu á hafnarsvæði. Í umfjöllun um mótvægisáðgerðir kemur fram að vegna aukins hljóðstigs samfara uppbyggingu á hafnarsvæðinu, sem og fyrirhuguðu bryggjuhverfi, þurfi að beita mismunandi lausnum til þess að draga úr áhrifum á nærliggjandi hús. Reistir hafi verið hljóðveggir á nokkrum stöðum við Kársnesbraut og víðar á Kársnesi. Þá kemur fram að Kópavogsbær fyrirhugar að reisa fleiri veggi til að skerma af hávaða við Kársnesbraut. Þau áform verði kynnt sérstaklega fyrir íbúum þess svæðis þegar þar að kemur.

Umhverfisstofnun telur að upplýsingar um hljóðstig og fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir séu ófullnægjandi. Stofnunin telur að gera verði grein fyrir núverandi

hljóðstigi með hljóðvistarkortum og áætlaðri aukningu miðað við fyrirhugaða uppbyggingu á hafnarsvæði. Einnig verði að gera grein fyrir hvar þörf er á að ráðast í hljóðvarnir vegna hávaða. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að haft verði samráð við íbúa vegna hljóðvarna. Helstu áhyggjur almennings vegna framkvæmda í þéttbýli lúta að hljóðvist og því mikilvægt að almenningur, íbúar og eigendur viðkomandi húsa fái tækifæri til að kynna sér áhrif framkvæmdarinnar og koma að athugasemdum við hana. Þær aðgerðir sem fyrirhugaðar eru geta verið óásættanlegar fyrir þá íbúa sem málið varðar og valdið miklum sjónrænum áhrifum.

Hönnun hljóðvarna er þekkt ágreiningsefni íbúa og framkvæmdaraðla og Umhverfisstofnun hefur í umsögnum um framkvæmdir ítrekað bent á mikilvægi þess að slík hönnun sé gerð fyrirfram og í fullu samráði við íbúa. Tryggja verður hljóðvist sem uppfyllir kröfur en um leið virða rétt íbúa á útsýni og öðrum réttmætum notum af eignum sínum.

Áhættumat

Með fyrirhuguðum framkvæmdum er verið að útbúa höfn sem ætluð er fyrir stór gámaskip. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að gert verði áhættumat vegna uppbyggingar hafnarinnar og skipasiglinga. Um er að ræða þrónga siglingaleið og siglingar um svæði sem er á náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Umhverfisstofnun vekur jafnframt athygli á að samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, lið 11, eru hafnir (viðskiptahfnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta sight um meðal þeirra framkvæmda sem ávallt skulu háðar mati á umhverfisáhrifum.

Sjónræn áhrif

Framkvæmdaraðili telur að fyrirhugaðar framkvæmdir séu þess eðlis að þær muni ekki hafa verulega neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Bendir hann á að fyrirhugaður viðlegukantur verði í sömu hæð og Norðurgarður og rísi þar af leiðandi ekki hátt upp úr umhverfi sínu, auk þess sem vestasti hluti hafnarsvæðisins liggi fjærst núverandi og fyrirhugaðri íbúðarbyggð. Umhverfisstofnun vekur athygli á að þótt nýr viðlegukantur sé ekki talinn hafa í för með sér umtalsverð sjónræn áhrif munu fyrirhugaðar byggingar á landfyllingu hafa tölverð sjónræn áhrif í för með sér.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að gera verði nánari grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á tilteksná þætti, sbr. athugasemdir hér að framan. Stofnunin telur þó að vegna eðlis framkvæmdarinnar og staðsetningar hafnarsvæðisins séu líkur á að fyrirhuguð framkvæmd kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Verið er að útbúa höfn sem verður opin fyrir stórum skipum, en siglingaleiðin er þróng og liggur í gegnum svæði sem er á náttúruverndaráætlun 2004-2008. Umhverfisstofnun telur að nauðsynlegt að gert verði áhættumat vegna uppbyggingar hafnarinnar og skipasiglinga um svæðið. Þá er nauðsynlegt að meta sammögnumaráhrif með þeim framkvæmdum sem þegar hafa verið leyfðar innan þess svæðis sem er á náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Virkjungarfyllst

Sigurðr Þórhildsson
Sigurðr Friðriksdóttir

Stefán Einarsson